

FUNDARGERÐ

Árið 2017, fimmtudaginn 14. desember kl. 13:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Nefndarmaðurinn Ásgerður Gylfadóttir var einnig með á fundinum í síma.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð frá 17. nóvember 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Ársreikningur jöfnunarsjóðs 2016

Lagt var fram til kynningar skýrsla Ríkisendurskoðunar, dags. 1. desember 2017, um endurskoðun ársreiknings sjóðsins 2016. Gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar, afkomu sjóðsins og fjárhagsstöðu. Jafnframt er gerð grein fyrir fjárheimildum og rekstri, innra eftirliti hjá sjóðnum, endurskoðun efnahags- og rekstrarliða, þ.e. framlaga sjóðsins og niðurstöðum Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslunni kemur fram að ársreikningur gefur glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

3. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016 ásamt skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun á ársreikningi 2016.

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem sér um fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Fasteignasjóðurinn tók við öllum eignum, réttindum og skyldum Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar, afkomu sjóðsins á árinu og fjárhagsstöðu. Jafnframt er gerð grein fyrir innra eftirliti og endurskoðun efnahagsliða.

Samkvæmt ársreikningi voru engar eignir seldir á árinu og í árslok 2016 voru tvær eignir óseldar og eru þær í útleigu. Samkvæmt því er búið að selja 74 af þeim 76 eignum sem Fasteignasjóðurinn keypti á árinu 2011.

4. Erindi frá mýrdalshreppi

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2017, og bréf frá Mýrdalshreppi, dags. 2. nóvember 2017, um úthlutun Jöfnunarsjóðs til Mýrdalshrepps 2018.

Fram kemur í bréfinu að framlög úr Jöfnunarsjóði til Mýrdalshrepps á árinu 2017 og áætluð framlög fyrir árið 2018 eru mun lægri en á síðastliðnum árum. Ástæðu þess má mest megnis rekja til hækkaðra tekna sveitarfélagsins í kjölfar fólksfjölgunar og uppgangs í atvinnulífi í sveitarfélaginu. Á móti kemur að með mikilli uppbyggingu og íbúafjölgun fylgja jafnframt aukin útgjöld sveitarfélagsins.

Var starfsmönnum sjóðsins falið að svara erindi sveitarfélagsins.

5. Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 11. desember 2017, umsókn Reykjanesbæjar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar, dags. 21. október 2017, álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 12. desember 2017, og að lokum umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 2017.

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri á samgöngu- sveitarstjórnarráðuneytinu, tók þátt í fundinum gegnum síma.

Fram kemur í umsókn Reykjanesbæjar að nú sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið og er óskað eftir framlagi vegna þess kostnaðar upp á 205 m.kr. án vsk. Jafnframt er óskað eftir framlagi fyrir hönd Reykjaneshafnar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar upp á 34 m.kr. án vsk. Áður hefur Jöfnunarsjóður greitt Reykjanesbæ 11 m.kr. í styrk vegna fjárhagslegrar úttektar árið 2014 og viðbótarframlag upp á 20 m.kr. árið 2015.

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 27. október síðastliðinn var umsókn Reykjanesbæjar tekin fyrir og þá var óskað eftir álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Nú liggur sú umsögn fyrir og kemur þar fram að í ljósi þess að skuldaviðmið sveitarfélagsins er umfram fjárhagslegt viðmið sveitarstjórnarlaga og kostnaðar sveitarfélagsins af fjárhagslegri endurskipulagningu þá mælir eftirlitsnefndin með því að samþykkt verði að taka þátt í kostnaðinum.

Í umsögn Sambandsins kemur fram að umbeðinn styrkur Reykjanesbæjar sé ekki úr takti við þá aðstoð sem önnur sveitarfélög hafa fengið. Einnig að það hafi verið mikilvægt fyrir öll sveitarfélög landsins að vel tækist til við endurskipulagningu fjárhags Reykjanesbæjar. Sambandið telur að ráðgjafarnefndin hafi allar forsendur til að taka efnislega á þessu máli með mótun jákvæðrar tillögu.

Bent var á að Reykjanesbæ var gert að sækja sér ráðgjafaraðstoð af hálfu ráðuneytisins með samningi við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Einnig er lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs að aðstoða sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum.

Eftir nokkra umræðu samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að sveitarfélaginu yrði veitt framlag að fjárhæð 125 m.kr. til að koma til móts við mikinn kostnað Reykjanesbæjar vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

6. Sameiningar sveitarfélaga Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2017, og umsókn samstarfsnefndar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar, dags. 12. desember 2017.

Sótt er um framlög á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Fram kemur í umsókninni að óskað er eftir framlagi vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga og kosningu. Kostnaðaráætlun vegna þessa hljóðar upp á 17 m.kr. Jafnframt er sótt um hámarksframlag vegna kostnaðar við þróun stjórnsýslu ef sameiningartillagan verður samþykkt.

Lögð var fram tillaga um að greiða framlag upp á 17.000.000 kr. og var hún samþykkt. Einnig var ákveðið að endurskoða reglurnar sem umrætt framlag byggist á.

7. Stofnframlög Borgarbyggð

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2017, og yfirlit frá Borgarbyggð, dags. 14. desember 2017, þar sem gerð er grein fyrir áföllnum framkvæmdarkostnaði vegna framkvæmda við leik- og grunnskóla er tengjast stofnframkvæmdum í Borgarbyggð sem taka mið af heimildarákvæði í reglum nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Sveitarfélögin Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur sameinuðust í eitt sveitarfélag við sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2006. Framkvæmdirnar snúa að hagræðingu í rekstri skólanna í kjölfar sameiningar. Framkvæmdirnar að Varmalandi snerust um að klára framkvæmdir sem farið var í við sameiningu. Framkvæmdirnar á Kleppjárnsreykjum snúa að uppbyggingu leikskólans að Kleppjárnsreykjum.

Fram kemur í erindi Borgarbyggðar að framkvæmdir sveitarfélagsins hvað framangreindar stofnframkvæmdir varðar hafi numið 16,1 m.kr. á árunum 2016 og 2017 og að 50% hlutdeild sjóðsins í þeim framkvæmdum nemi því rúmlega 8 m.kr.

Samþykkti ráðgjafarnefndin greiðslu að upphæð 8.082.009 kr. vegna framkvæmdanna og jafnframt að ekki yrði um frekari aðkomu sjóðsins að framkvæmdum sem tengjast sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

8. Tekjujöfnunarframlög 2017 Endurskoðun og uppgjör framlaganna

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. október sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2017, sbr. 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að jafnað yrði að 96,48% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.250,0 m.kr. og komu $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 937,5 m.kr.

Lögð var fram á fundinum til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillagan væri tekin til greina og að jafnað yrði að 96,48% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Með tilvísun til þessa verður heildarúthlutun framlaganna 1.251 m.kr. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 312,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.

9. Útgjaldajöfnunarframlög 2017 Viðbótarframlag vegna skólaaksturs

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 6. desember 2017, ásamt yfirliti, nefndinni til kynningar, yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010.

Í yfirlitinu kemur fram að áætluð heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010 nema samtals 750 m.kr. á árinu 2017. Til úthlutunar koma samtals 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Áætlað var að 175 m.kr. kæmu til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010, sem endurskoðaðar voru 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2017 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi. Yfirlitið sýnir umsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2017 og eru helstu forsendur við útreikning framlaganna eftirfarandi:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2017 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjújöfnunarframlaga árið 2017.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 241.976.006 sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur áætlað viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2017 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi samtals 175 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs 2017 nema því 750 m.kr.

Yfirlitið lagt fram sem drög nefndinni til kynningar. Útreikningur framlaganna verður tekinn upp þegar ljóst er hver endanleg tekjuskerðing sveitarfélaganna verður.

Yfirlit mállefni fatlaðs fólks

10. Endanleg framlög ársins 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2017.

Við endanlegan útreikning framlaganna hefur m.a. verið tekið tillit til eftirfaranda þátta:

- Nýliðunar í þjónustu.
- Barna með flóknar stuðningsþarfir og háan kostnað.
- Einstaklinga sem hafa flust milli þjónustusvæða.
- Einstaklinga sem eru hættil í þjónustu eða eru látnir.

Nefndin samþykkti án athugasemda endanlega áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2017 en gert er ráð fyrir að heildarfjárhæð framlaganna á árinu 2017 nemi 13.550.000.000. Uppgjör framlaganna mun fara fram í lok janúar 2018 þegar hlutur sjóðsins í staðgreiðslu sveitarfélaganna vegna desember liggur fyrir.

11. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema **Tillaga að úthlutun framlaga ársins 2017**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember, vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanema fyrir árið 2017.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 89.000.000 kr. á árinu 2017 og er gert ráð fyrir að 70.000.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 19.000.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Fram kom að umsóknir hefðu borist vegna 224 fatlaðra grunnskólanemenda fyrir vorönn annars vegar og hinsvegar 235 á haustönn 2017. Hvað framhaldsskólanemendur varðar voru umsóknir 97 á vorönn og 101 á haustönn. Samtals fjölgaði umsóknum vegna grunnskólanemenda um 29 vegna ársins 2017 en umsóknum vegna framhaldsskólanemenda fækkaði um 9.

Nefndin samþykkir án athugasemda framlag að fjárhæð 89.000.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda.

12. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) **Tillaga að úthlutun framlaga ársins 2017**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2017, yfir tillögu að úthlutun framlaga fyrir árið 2017 vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa borist umsóknir frá 10 sveitarfélögum/þjónustusvæðum vegna gerðra NPA samninga árið 2017. Fjöldi samninga skv. umsóknum þeirra er 53 á árinu 2017. Heildarfjárhæð innsendra samninga er 794,5 m.kr. og áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði á grundvelli 25% kostnaðarþátttöku nemur því 198,6 m.kr.

Nefndin samþykkti að leggja til að framangreindar umsóknir vegna ársins 2017 væru teknar til greina og að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 198.600.000 kr.

13. Fasteignasjóður

Skógarlundur Akureyri – sala fasteignarinnar

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2017, bréf frá Akureyrakaupstað, dags. 12. desember. 2017, og verðmat á Skógarlundi 1, dags. 7. desember 2011.

Nefndarmaðurinn Sigríður Huld Jónsdóttir vék af fundi þegar fjallað var um lið 13 vegna setu sinnar í bæjarstjórn Akureyrakaupstaðar.

Í bréfi frá Akureyrakaupstað kemur fram að óskað sé eftir því að gengið verði frá kaupum á fasteigninni að Skógarlundi 1. Jafnframt að húsnæðið er sérhannað fyrir starfsemi Hæfingarmiðstöðvarinnar og mun sú starfsemi verða áfram í húsnæðinu. Óskað er eftir því að kaupverð fasteignarinnar verði 85 m.kr. og að gengið verði frá kaupunum fyrir 31. desember 2017.

Nefndin samþykkir að selja Akureyrarkaupstað fasteignina Skógarlund 1 og að kaupverðið verði 85.000.000 kr. Lagt er til að sett verði skilyrði um að þjónustan verði rekin áfram í sömu mynd næstu 5 árin.

14. Önnur mál

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 25. janúar 2018 kl: 13:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson